

## **BORGARRÁÐ 25. maí 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um kostnað vegna kaupa, uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavéla – MSS23050151**

Hver er árlegur kostnaður Reykjavíkurborgar vegna kaupa, uppsetningar og reksturs eftirlitsmyndavéla í borginni? Óskað er eftir kostnaði frá árinu 2012, skipt eftir árum. Einnig er óskað eftir kostnaði sem fellur á Reykjavíkurborg vegna samkomulags um verklag og forgangsröðun við kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur, dagsett þann 6. mars 2023. Það samkomulag er á milli Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar ohf. og fjallar um kaup, uppsetningu og rekstur á öryggismyndavélakerfi í miðborg Reykjavíkur. Þar kemur fram að hlutverk Reykjavíkurborgar sé að kaupa öryggismyndavélar til uppsetningar í Reykjavík í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs, hvort sem um er að ræða nýjar myndavélar eða endurnýjun á eldri vélum, og telst eigandi öryggismyndavélanna. Reykjavíkurborg greiðir jafnframt fyrir nauðsynlegan hugbúnað á löggæslumyndavélum og greiðir fyrir uppfærslur á honum. Hver er kostnaðurinn við það?